

BORGARRÁÐ 9. nóvember 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um greinargerð þjónustu- og nýsköpunarsviðs með fjárhagsáætlun 2024 - FAS23010019

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga hvort það teljist eðlilegt og rétt að greinargerð þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) með fjárfestingaráætlun fyrir árið 2024 sé skrifuð áður en fjárfestingaráætlun borgarinnar liggur fyrir? Greinargerð ÞON með fjárfestingaráætlun miðast því við fimm ára fjárhagsáætlun frá fyrra ári eins og sjá má í greinargerð með fagsviðum á bls 80. Er fordæmi fyrir þessu? Fulltrúi Flokks fólksins telur að það hljóti að vera óásættanlegt að greinargerð sviðs með tillögu að fjárheimildum fyrir árið 2024 byggji á árs gömlum forsendum. Þess vegna er einnig spurt hvort ekki sé eðlilegast að greinargerðin verði dregin til baka og nýrri greinargerð skilað sem byggir á þeim forsendum sem liggja fyrir nú á haustdögum? Greinargerð um fjárfestingar næsta árs hjá sviðinu á auðvitað ekki að fjalla um hvað hefur verið unnið á yfirstandandi ári heldur um forsendur fjárheimilda komandi árs.